

Mál nr. 182/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsar ábyrgðartryggingar R

Bíll varð fyrir skemmdum þegar honum var ekið ofan í holu á gatnamótum Stekkjarbakka og Álfabakka í Reykjavík þ. 30.3.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.4.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 15.3.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M segist hafa ekið norður Stekkjarbakka og á gatnamótum Stekkjarbakka og Álfabakka hafi myndast stór hola og út úr henni hafi staðið vírar í allar áttir og hafi bifreið M lent ofan í holunni og hægra afturdekk bifreiðarinnar hafi eyðilagst. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og segir að starfsmönnum R hafi verið kunnugt um að skemmdir væri komnar í götuna á þessum stað og beri því bótaábyrgð. V hafnar bótaskyldu og segir að R hafi verið ljóst að vægt slit hafi verið á malbikinu á umræddum stöðum þ. 15.3.s.l. og hafi verið ákveðið að skrá slitið inn á viðgerðarlista en þar séu brotaholur í forgangi, en rekstrarstjóri malbiksviðgerða hjá R mat það þannig að ekki stafaði hætta af því sliti sem um ræðir þar sem engar hvassar brúnir voru til staðar að hans mati. Rekstrarstjóri skoðaði aðstæður öðru sinni 2.4.s.l. og mat ástandið þá þannig að þörf væri á bráðabirgðaviðgerð en ekki hafi þá verið skráðar ábendingar um óhappið sem hér ræðir um. V segir að um sé að ræða fjölfarin gatnamót og myndir sem teknar voru bendi ekki til að hætta stafi af því sliti sem um var að ræða. V telur ekki að tjón M verði rakið til vanrækslu R eða saknæmrar háttsemi starfsmanna R eða annars sem R beri ábyrgð á.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna R eða vanrækslu R á því að sinna eðlilegu viðhaldi gatna. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 5.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.